

**Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 16. september 2024, um tillögu um bann við lagningu ökutækja í Norðurmýri.**

Umsagnarbeiðni til íbúaráðsins snýr að tillögu um að óheimilt verði að leggja vinstra megin við akstursstefnu í nánar tilteknum götum í Norðurmýri. Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má einungis stöðva ökutæki eða leggja því hægra megin. Þar sem einstefnuakstur er má þó setja aðrar reglur. Íbúaráðinu þykir nokkuð sérkennilegt að óska eftir umsögn um hvort fari beri að lögum.

Íbúaráðið bendir þó á að komi til breyttrar stjórnsýsluframkvæmdar um sektir vegna ólöglega lagðra bifreiða væri nauðsynlegt að kynna þá framkvæmd vel bæði opinberlega, t.d. á vef Reykjavíkurborgar, og fyrir íbúum á svæðinu. Þá væri æskilegt að meta áhrif breytinganna á hraða umferðar um viðkomandi götur og grípa til mótvægisáðgerða, sé þeirra þörf.